

Stofnanasamningur

Menntaskólinn á Akureyri annars vegar og **Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga** hins vegar, gera með sér eftirfarandi stofnanasamning skv. ákvæðum kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og aðildarféлага BHM.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem ráðnir eru hjá *Menntaskólanum á Akureyri*.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með samningi þessum:

- Að launakerfið sé sveigjanlegt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gagnsæjum hætti
- Að komið verði í veg fyrir ómálefnalegan launamun sem rekja má til kynferðis
- Að launakerfið feli í sér hvatningu og tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi með hliðsjón af árangri og eðli starfa
- Að launakerfið nýtist sem stjórnæki til að ná fram sameiginlegum markmiðum stofnunar og starfsmanna, og stuðli að árangurstengingu launa í samræmi við markmið og stefnu stofnunar
- Að launakerfið feli í sér tækifæri til að bæta nýtingu rekstrarfjármuna og skapa grundvöll að aukinni hagræðingu
- Að tryggja *Menntaskólanum á Akureyri* hæft starfsfólk í góðu og framsæknu starfsumhverfi

3. Starfsheiti og röðun starfa

Samningur þessi nær til eftirtalinna starfsheita sem eru skilgreind og grunnröðuð til launa með eftirfarandi hætti. Skilgreining felur í sér viðvarandi verk- og ábyrgðarsvið. Grunnröðun í launaflokka miðast við Baccalaureus gráðu.

Raða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna.

Sérfræðingur 1

lfl. frá 6

Starfið felur í sér umsjón og ábyrgð á verkefnum í tilteknum málaflokki, sem að jafnaði er undir verkstjórn annarra. Starfsmaður veitir innri og ytri viðskiptavinum aðstoð, upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar í samræmi við stefnu stofnunarinnar. Verkefni

geta meðal annars falið í undirbúningi, greiningu og úrvinnslu gagna í samræmi við verklagsreglur. Einnig geta verkefni falið í sér eftirlit, ritun umsagna, greinargerða og skýrslna, afstemmingar og áætlanagerð, og að starfsmaður sinni skyldum verkefnum.

Fjármálastjóri

frá lfl. 12

Starfið felur í sér sjálfstæða umsjón og ábyrgð á fjármálalegum verkefnum og prókúru fyrir stofnunina í umboði skólameistara. Það felur í sér fjárhags- og rekstraráætlanagerð, færslu bókhalds og launa í tekju- og bókhaldskerfi (TBR), færslu staðgreiðslusölu, umsjón ferðareikninga og innheimtu skólagjalda. Starfið felur í sér fjárhagslegt eftirlit, afstemmingar og uppgjör, greiningu á frávikum, innheimtu, eignaskráningu og fjárhagsábyrgð á innkaupum. Starfið felur í sér aðstoð, leiðbeiningar, úrvinnslu gagna og upplýsingagjöf í samræmi við stefnu stofnunarinnar. Starfið felur í sér samstarf við matráð mótuneytis starfsmanna um rekstur þess og verðlagningu. Það felur í sér færslu bókhalds og launabókhald fyrir mótuneyti MA og eftirfylgni á greiðslum. Starfið felur í sér yfirumsjón með fjármálum nemendafélags MA og gerð ársreiknings fyrri það. Starfið felur í sér setu í stjórn Uglunnar hollvinafélags MA og gjaldkerastörf fyrir starfsmannafélag MA og sjóði skólans. Starfið felur í sér uppgjör sjóða skólans og skil þeirra til Ríkisendurskoðunar. Það felur í sér samskipti við banka, Menntamálaráðuneyti, Ríkisendurskoðun og Ríkiskaup. Verkefni útheimta mikið frumkvæði og útsjónarsemi. Starfið felur í sér ábyrgð, ásamt skólameistara, á því að rekstur stofnunar sé innan fjárheimilda hverju sinni. Starfið getur falið í sér mannaforráð.

4. Persónubundnir þættir

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til launaprepa eða launaflokka í launatöflu. Hafi starfsmaður náð átta þrepum skal hann flytjast upp um launaflokk í töflunni, þannig að tryggt verði að áframhaldandi launapróun geti átt sér stað í samræmi við ákvæði þessa samnings.

4.1 Menntun

Ef starfsmaður aflar sér aukinnar menntunar umfram kröfur til starfs eða hefur þegar aflað sér hennar, skal taka mið af því skv. eftirfarandi:

Cand oecon	1 launaflokkur
M.A., M.Sc. próf eða sambærilegt	2 launaflokkar
Tvöföld prófgráða	1 launaflokkur

Hafi starfsmaður setið námskeið og tekið próf sem lýkur með löggildingu sem nýttist *Menntaskólanum á Akureyri* og starfsmanni í viðkomandi starfi, skal viðkomandi ráðast einu launaprepi til viðbótar fyrir hvert próf sem metið er starfsmanni til góða.

Fyrir hverjar 60 ECTS einingar til viðbótar BSc prófi á háskólastigi hækkar starfsmaður að auki um 1 launaflokk.

Alls geta launaflokkar vegna viðbótarmenntunar orðið 4 talsins.

4.2 Starfsreynsla

Starfsreynslan sem nýtist í starfi er skilgreind sem samanlögð vinna starfsmannsins við fagsvið sitt. Hún er metin að lágmarki þannig:

Eftir 2 ár í starfi	1 launaflokkur
Eftir 4 ár í starfi	1 þrep
Eftir 6 ár í starfi	1 launaflokkur
Eftir 8 ár í starfi	1 þrep
Eftir 10 ár í starfi	2 launaflokkar

Alls geta launaflokkar vegna starfsreynslu orðið 4 talsins og þrep tvö.

4.3 **Sérstök færni og árangur** starfsmanns getur gefið honum eitt þrep eða fleiri fyrir hvern eftirtalinn þátta og skal launaákvörðun byggjast á frammistöðumati og launaviðtali. Þar skal m.a. hafa til hliðsjónar eftirtalda þætti:

Áreiðanleiki; árangur; skilvirkni þrep
Hæfni í samskiptum/samvinnu þrep
Fagleg hæfni umfram starfskröfur þrep
Áhugi; frumkvæði; sjálfstæði þrep
Virkni við endurmenntun sem nýtist í starfi þrep
Umfang; viðbótar álag og ábyrgð þrep
Sveigjanleiki; aðlögunarhæfni þrep
Fræðsla / leiðsögn fyrir starfsmenn og aðra þrep

5 Sérstök umbun

Heimilt er að greiða sérstaka umbun umfram mánaðarlaun vegna sérstakra tímabundinna þátta, svo sem aukins álags. Umbunin getur verið allt að 100.000 kr. á mánuði og greiðist jafn lengi, en ekki lengur en áhrif umræddra tímabundinna þátta vara.

6 Frammistöðusamtal og launaviðtal

Árlega skal fara fram frammistöðusamtal / starfsþróunarsamtal. Þar skal m.a. rætt um frammistöðu, starfslýsingu, starfsþróun, samskipti og líðan í starfi.

Starfsmaður á rétt á launaviðtali einu sinni á ári, í framhaldi af frammistöðusamtali, þar sem endurmetnir eru þeir þættir, sem hafa áhrif til breytinga á launakjörum. Einnig getur skólameistari *Menntaskólans á Akureyri* ákveðið að endurmeta launakjör starfsmanns til hækunar hvenær sem er. Tilfærslur launakjara geta verið í formi breytinga á launaflokkum og/eða álagsþrepum.

Sé starfslýsingu breytt eða eðli og umfang starfsins breytist svo að komi til auknar kröfur um hæfni, þekkingu, ábyrgð og/eða frammistöðu starfsmannsins, skal starfið og launakjörin endurmetin með tilliti til þess.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt ráðað til launa getur hann farið fram á að fá röðun sína endurmetna svo fljótt sem auðið er. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar aðila.

7 Samstarfsnefnd

Samstarfsnefnd aðila skal komið á fót við undirritun samnings þessa og hefur hún það verkefni að leita lausna ágreiningsmála sem upp kunna að koma í tengslum við framkvæmd stofnanasamningsins.


8 Endurskoðun

Aðilar samnings þessa skulu með reglubundnum hætti endurskoða samninginn. Þar skal metið hvort forsendur hafi breyst. Að jafnaði skal samningurinn endurskoðaður eigi sjaldnar en annað hvert ár og hvenær sem annar aðili hans fer fram á slíka endurskoðun.

9 Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. september 2016.

Reykjavík, 26.ágúst 2016


F.h. Menntaskólans á Akureyri.


F.h. Kjarafélags vðskiptafræðinga og hagfræðinga

